

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ø (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 12. desember 2005

Tilvísun: UST20051200053/sf

Deiliskipulag Hvaleyrar í Hafnarfirði

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 8. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag Hvaleyrar. Deiliskipulagið tekur til golfvallar Keilis á Hvaleyri og á hrauninu þar fyrir vestan, lóðar fyrir dælistöð fráveitu vestan golfvallarins og strandlengjunnar allrar milli lóðar Alcan við Straumsvík. Einnig er sérstaklega óskað eftir áliði Umhverfisstofnunar á staðsetningu æfingaskýlis á golfvellinum, þar sem hluti þess lendir inni á svæði sem skilgreint er sem „svæði á náttúrumiñjaskrá” á aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun gerir eftirsarandi athugasemdir við framangreint deiliskipulag og staðsetningu æfingaskýlis á golfvellinum á Hvaleyri.

Náttúruvernd og útvist

Innan deiliskipulagssvæðisins er eitt svæði sem er á náttúrumiñjaskrá, þ.e. svæði nr. 113, **Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða**. Svæðið tekur til Hvaleyrarlóns ásamt fjörum umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum í Hraunavík. Í lýsingu á svæðinu í náttúrumiñjaskrá segir: „*Lífaðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarástaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útvistarvæði.*”

Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir göngustíg við vatnsborð vestanverðs Hvaleyrarlóns. Í kafla 2.6 í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að stíglíninn muni liggja meðfram fyrirhuguðum vegi að bátaskýlum við Hvaleyrarlón og þaðan niður í fjöruna við lónið. Umhverfisstofnun telur að hlífa eigi ströndinni við Hvaleyrarlón við mannvirkjagerð eins og kostur er og því eigi að gera ráð fyrir að stíglíninn verði lagður eins ofarlega í landið og mögulegt er. Í því sambandi beri fremur að taka tillit til Hvaleyrarinnar sem slikrar sem svæði sem hefur verndargildi vegna lífríkis en þarfa golfvallarins.

Í umfjöllun um stíg á Hvaleyrarhöfða kemur fram í kafla 2.1.3 í greinargerð með deiliskipulaginu að á höfðanum sé einungis gert ráð fyrir að leið sé greiðfær án þess að um uppbyggingu stígs sé að ræða. Í kafla 2.6 segir m.a.: „*Fyrir Hvaleyrarhöfðann er leiðin skilgreind sem útvistarleið og þá komið fyrir eftir aðstæðum á jaðri golfvallar og hugsanlega sem timhursfleikar ofan á grjótvörninni. Við tekur hefðbundinn stígur þar sem varnirnar enda*

vestan Hvaleyrarinnar."

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ósamræmi virðist vera á milli texta í greinargerð og legu göngustígarins samkvæmt deiliskipulagstillöggunni. Í greinargerð segir að lega stígarins verði eftir aðstæðum á jaðri golfvallar og hugsanlega ofan á gjótvörninni en á deiliskipulaginu sjálfu virðist stígorinn alls staðar liggja fyrir innan fyrirhugaðan sjóvarnargarð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að samræmis gæti þarna á milli. Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að mörkuð verði örugg og greinileg gönguleið alls staðar þar sem gert er ráð fyrir göngustíg samkvæmt deiliskipulaginu. Í því sambandi vekur stofnunin athygli á að samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir uppbyggingu hefðbundins göngustígs beggja vegna við Hvaleyrarhöfðann en óljóst er hvernig staðið verður að uppbyggingu göngustígs á höfðanum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að uppbygging/merking gönguleiðar á Hvaleyrarhöfða sé með þeim hætti að skýrt sé að hún sé framhald gönguleiða beggja vegna við höfðann, þannig að tryggt sé að almenningur nýti sér gönguleiðina til útvistar, en telji ekki að svæðið sé tekið frá til golfiðkunar.

Sjóvarnir

Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að gert er ráð fyrir sjóvörnum á norður- og vesturhluta Hvaleyrarhöfða og er svæði fyrir sjóvarnargarð afmarkað á deiliskipulaginu. Í greinargerð segir að frumhönnun liggi ekki fyrir, en gera megi ráð fyrir görðum í kóta a.m.k. 6 m y.s.

Þar sem fyrirhugaðar sjóvarnir eru framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum telur Umhverfisstofnun rétt að fram komi í greinargerð að fyrir liggi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 22. apríl 2005 þess efnis að sjóvörn við Hvaleyrarhöfða sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin byggðist m.a. á því að framkvæmdaraðili hefði fallið frá áformum um fleygun og sprengingar á hellaþökum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Auk þess hafði framkvæmdaraðili lagt fram framkvæmdatilhögun sem m.a. varðar tímasetningu framkvæmdanna og tekur mið af því að dregið verði úr raski á lífríki á svæðinu og heildaráhrifum á ásýnd lands, sem og að gengið verði þannig frá svæðinu eftir að framkvæmdum lýkur að það verði sem næst upprunalegu ástandi.

Fráveita

Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að borað verði fyrir fráveitulögn í gegnum Hvaleyrarhöfða. Gert er ráð fyrir að strandstígur með áningar-/útsýnisstöðum verði byggður í skurðstæði fráveitulagnarinnar.

Fráveitulögnin liggur m.a. eftir því svæði sem er á náttúruminjaskrá, nálægt efri mörkum þess skv. afmörkun á deiliskipulaginu, auk þess sem lögnin liggur um jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. nútímahraun (eldhraun). Umhverfisstofnun gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við lagningu fráveitulagnarinnar en leggur áherslu á að þess verði gætt að leggja hana sem best í landinu og að valda sem minnstu jarðraski. Þar sem farið er yfir hraun er mikilvægt að leitast við að leggja lögnina í bollum í hrauninu eða þar sem rask á hrauninu verður minnst. Einnig ætti að takmarka allt rask í kringum fyrirhugaða dælu-og hreinsistöð.


Æfingaskýli

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir æfingaskýli vestan við númerandi æfingaskýli. Samkvæmt deiliskipulagstillöggunni virðist byggingarreiturinn ná að mörkum þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Samkvæmt loftmynd sem fylgdi erindi

Hafnarfjarðar og sýnir m.a. staðsetningu fyrirhugaðs æfingaskýlis liggur skýlið hins vegar að hluta til innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Misræmi er því á milli afmörkunar byggingarreits samkvæmt deiliskipulaginu og afmörkun æfingaskýlisins á framangreindri loftmynd.

Umhverfisstofnun telur almennt mikilvægt að tekið sé frá land meðfram sjó, allt að 100 m breitt, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útvist. Með því er tryggt aðgengi almennings meðfram sjávarströnd, auk þess sem ekki er þrengt að slíkum svæðum og tryggt að þau haldi verndar- og útvistargildi sínu og nýtist til fræðslu. Auk þess eru fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettu í Hraunavík á náttúruminjaskrá skrá vegna auðugs lífríkis og útvistargildis. Strandlengjunni við Hvaleyrarhöfða hefur nú þegar verið raskað vegna ýmissa framkvæmda. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að leggja áherslu á að raska henni ekki frekar en orðið er með mannvirkjagerð, auk þess sem leggja ætti áherslu á að mannvirkni séu í sem mestri fjarlægð frá ströndinni ef þau eru talin nauðsynleg. Stofnunin telur að velja ætti staðsetningu fyrirhugaðs æfingaskýlis þannig að það sé utan við það svæði sem er á náttúruminjaskrá. Ef hins vegar talið er óhjákvæmilegt að æfingaskýlið nái inn á svæðið, telur Umhverfisstofnun það tvímælalaust til bóta að sá hluti þess sem þar er minnki um helming, sbr. símtal við Berglindi Guðmundsdóttur hjá umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðarbæjar þann 9. desember sl. Með því væri æfingaskýlið í um 50 m fjarlægð frá ströndinni (miðað við uppgefinn mælikvarða), en að mati Umhverfisstofnunar ætti það að vera lágmarksfjarlægð bygginga frá strönd.

Virðingarfyllst


Sigurður Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Þensson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.